

Reglur og leiðbeiningar

um sölu og útflutning á saltaðri sild.

(Tilkynning nr. 8, frá Útflutningsnefndinni).

1. gr.

Samkvæmt auglýsingu Stjórnarráðsins, dags. 3. júní þ. á., eiga allir sildarframleiðendur að bjóða Útflutningsnefndinni til söluráðstafana alla þá sild, sem veidd er og ætluð til útflutnings, og gilda þar að lútandi eftirfylgjandi reglur.

2. gr.

Alþingi hefir með lögum 30. júlí þ. á. heimilað landsstjórninni að kaupa af framleiðendum 100,000 áfylltar tonnur af sild, sem veiddst hafa hér við land af innlendum mönnum á tímabilinu 15. júlí til 15. september þ. á., með þeim reglum og skyldum, sem lög þessi mæla fyrir. — Af sild þessari hefir landsstjórnin, samkvæmt heimild í samningi við Bandamenn, þegar selt til Svíþjóðar 50,000 áfylltar tonnur með því skilyrði, að siglingaleyfi fáiast hjeðan beina leið til Svíþjóðar. Það sem framleiðendur kunna að hafa meira, er ennþá óráðstafað, en verður selt við fyrsta tækifæri þar sem best verð fæst og flutningur leyfist til.

3. gr.

Samkvæmt 1. gr. ber hverjum frambjóðanda, er njóta vill og getur haft kröfu til ítaka í þessari sölu, að tilkynna Útflutningsnefndinni, hve margar áfylltar sildartonnur þeir hafa framleitt á tímabilinu 15. júlí til 15. september þ. á., til þessa augnamiðs, og hvar þær sjeu geymdar. Ennfremur skulu frambjóðendur tilkynna Útflutningsnefndinni, hvort þeir ætli til útflutnings alla þá sild, er þeir hafa aflað eða hér eftir kunna að afla til 1. október þ. á. Sild, sem kann að verða framleidd eftir þann tíma, verður eigi tekin til greina undir þessum reglum. Framboð þau og tilkynningar, er hér ræðir um, sendist Útflutningsnefndinni sem fyrst og eigi síðar en 10. október n.k.

4. gr.

Þegar ákveðin er hlutdeild frambjóðenda í sölu landsstjórnarinnar, koma, auk framleiðenda sjálfra, þeir einir sildarkaupendur til greina, sem greitt hafa framleiðanda minst 20 krónur fyrir máltunnu nýrrar sildar.

5. gr.

Þegar Útflutningsnefndin hefir fengið framboð og tilkynningar allra frambjóðenda samkvæmt 3. gr, mun hún tilkynna hlutadeigendum við fyrsta tækifæri, hlutdeild hvers eins í þeirri sölu, sem fram er farin, svo og aðrar ráðstafanir þar að lútandi.

6. gr.

119
28. sept.

Landsstjórnin kaupir síldina á þessum stöðum:

Eyjafirði,
Siglufirði,
Reykjarfirði,
Önundarfirði og
Ísafjarðarkaupstað.

Ennfremur mun landsstjórnin veita síld móttöku á þessum höfnum:

Álftafirði og
Ingólfsvfirði

ef það veldur eigi sjerstökum erfiðleikum. — Verði mögulegt að ráðstafa móttöku á þessum höfnum, skulu síldareigendur sjálfir bera þann aukakostnað, sem það hefir í för með sjer.

7. gr.

Seljandi hefir fulla ábyrgð á síldinni þangað til hún er tekin á viðkomandi höfn, heldur henni við með þæklu og hefir fulla umsjón með henni, alt án endurgjalds, til októberloka 1918, ef á þarf að halda. — Eftir þann tíma er síldin á ábyrgð kaupanda, en seljendur eru skyldir til að hafa á höndum umsjón og viðhald síldarinnar, gegn 15 aura borgun fyrir tunnu um hvern hálfan mánuð eða minna.

Seljendur annist á eigin kostnað útskipun á síldinni og greiði af henni útflutningsgjald og stimpilgjald.

8. gr.

Til þess að síldin sje fullgild skal hún í alla staði vera góð og óaðfinnleg verslunarvara til útflutnings, þ. e., vel söltuð, vel þækluð, í breinum, góðum, þjettum og vel bentum síldartunnum, og skal sú síld, sem flytjast á til Svíaríkis, vera viðurkend af umboðsmanni Svía, er krafist getur yfirmatsmanns, enda gefi hann hverjum seljanda sem afhendir síld til hans, vottorð um tunnutölu og vigt, og að hann sem fulltrúi kaupanda í Svíþjóð viðurkenni síldina fyrir hönd þeirra. — Vottorð þessi skulu frambjóðendur senda Útflutningsnefndinni eins fljótt og hægt er.

Til þess að sannreyna vigt á síld hvers seljanda, getur umboðsmaður Svía krafist, að vigtuð sje 10. hver tunna, nema ef sjerstakar ástæður eru fyrir hendi, t. d. sje tunnavigtin mjög misjöfn, þá getur hann krafist stærra hlutfalls eftir samkomulagi. Verði nokkuð af síldinni selt til annara landa en Svíaríkis, skulu seljendur vera háðir þeim skilyrðum, er slik sala kann að hafa í för með sjer, t. d. ef til vill uppvigtun með ákveðinni vigt í hverri tunnu, aðgreining eftir stærð o. þ. h. En slíkt mun síðar verða tilkynt, ef til kemur, ásamt öðrum reglum þeirri sölu viðvikjandi. Útflutningsnefndin ákveður hvaða síld verður send til Svíþjóðar.

119

28. sept.

9. gr.

Sem borgun upp í sild þá, sem send verður til Svíþjóðar, greiðir Útflutningsnefndin fyrst um sinn 75 — sjötíu og fimm — auru pr kiló af viðurkendri nettóvigti, og verður sú greiðsla látin í tje þegar sildinni er útskipað og andvirðið greitt af kaupanda. — Verði sildinni til Svíþjóðar ekki útskipað fyrir 15. október n. k., skal umboðsmanni Svía skylt að veita sildinni móttöku hið fyrsta, eða svo fljótt sem hann kemst yfir að skoða, vigta og viðurkenna hana. — Verði sildin eigi útflutt 1. janúar 1919, skulu seljendur samt skyldir að viðhalda henni gegn greiðslu eftir reikningi, er Útflutningsnefndin samþykkir, en geymslupláss leggur seljandi þá til ókeypis. Eftirstöðvar af andvirði sildarinnar greiðist samkvæmt lögum Alþingis um sildarkaup landsstjórnarinnar, dags. 30. júlí þ. á.

Reykjavík, 28. september 1918.

Thor Jensen. Pjetur Jónsson. O. Benjamínsson.

120

19. okt.

Reglugjörð

um verðframsælsu á vörum í heilðsölu.

Samkvæmt heimild í lögum nr. 7, 30. júlí 1918, um viðauka við lög nr. 5, 1. febrúar 1917, um heimild fyrir landsstjórnina til ýmsra ráðstafana út af Norðurálfrúfriðnum, eru hjermeð sett eftirfarandi fyrirmæli:

1. gr.

Hámark verðframsælsu á vörum í heilðsölu skal vera sem hjer greinir, og miðast verðframsælsan v.ð það, sem varan kostar komin í hús á sölustaðnum.

| | | | |
|-----------------------|------|----------------------------|------|
| Netagarn | 5 % | Kartöflumjöl | 10 % |
| Net | — | Niðursoðin mjólk | — |
| Seglgarn | — | Skipsbrauð | — |
| Salt | — | Kaffi | — |
| Jarðepli | 7½% | Kaffibætir | — |
| Jutevörur | — | Neftóbak | — |
| Pokar | — | Munntóbak | — |
| Trjáviður | — | Öl | — |
| Kork | — | Færi og Kaðlar | — |
| Sement | — | Linoleum | — |
| Plöntufeiti | 10 % | Tunnur | — |
| Smjörliki | — | Farfi | — |